

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Áb.: KTH
- 3. SEP. 2018
Tilv.: MMR 18050191
Db.: 2.13.0



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

29. ágúst 2018
MÍ201609-0065/11.03/ 4682

Efni: Siglufjörður, Þormóðseyri - tillaga að verndarsvæði í byggð

Með tölvupósti 22.6.2018 óskar Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir, f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu sveitarstjórnar Fjallabyggðar að verndarsvæði á Þormóðseyri á Siglufirði í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 (lögin).

Við vinnslu tillögunnar hefur Minjastofnun veitt Fjallabyggð og ráðgjöfum sveitarfélagsins ráðgjöf um mat á varðveislugildi byggðarinnar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 5. gr. laganna og leiðbeiningarit Minjastofnunar nr. 3/2017: *Verndarsvæði í byggð - tillaga og greinargerð*. Fjallabyggð var veittur styrkur úr húsafriðunarsjóði árið 2016 að upphæð kr. 4.945.000 til undirbúnings tillögu um verndarsvæði í byggð.


Við mat á tillögum um verndarsvæði í byggð hefur Minjastofnun litið til eftirtalinna þátta: afmörkunar verndarsvæðis, gagna sem liggja til grundvallar, þ.m.t. fornleifaskráningar, húsakönnunar, mats á varðveislugildi og skilmála um verndun og uppbyggingu innan marka verndarsvæðisins.

Tillaga að verndarsvæði í byggð, *Siglufjörður, Þormóðseyri*, var auglýst sbr. 5. gr. laga nr. 87/2015. Engar athugasemdir bárust.

Tillaga sveitarstjórnar Fjallabyggðar að verndarsvæði í byggð er að mati Minjastofnunar vel unnin og gerir skilmerkilega grein fyrir öllum þeim þáttum sem stofnunin lítur til. Að baki tillögunni liggur vönduð og ítarleg menningarsöguleg úttekt á byggðinni á Þormóðseyri. Tillagan tekur til eins byggingarreits og er afmörkun svæðisins er vel rökstudd. Skilmálar um vernd og uppbyggingu innan verndarsvæðisins eru greinargóðir og til þess fallnir að markmið tillögunnar um verndun og styrkingu svípmóts hinnar sögulegu byggðar nái fram að ganga.

Minjastofnun Íslands mælir með því við mennta- og menningarmálaráðherra að hann staðfesti tillögu sveitarstjórnar Fjallabyggðar að verndarsvæði í byggð, Þormóðseyri, Siglufirði, á grundvelli framlagðrar greinargerðar frá því í febrúar 2018 og bréf Fjallabyggðar frá 23. maí 2018.

Virðingarfyllst,



Dr. Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður



Guðný Gerður Gunnarsdóttir
sviðsstjóri umhverfi og skípulag